



Alþingi
Erindi nr. P 133/740
komudagur 25.1.2007

Alþingi - Nefndasvið
b.t. félagsmálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 10. janúar 2007
0701005 MMS

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, mál 9, upplýsingaskylda, málshöfðunarréttur

Með bréfi dags. 8. janúar 2007 óskaði félagsmálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um ofangreint frumvarp. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið breytingartillögunnar virðist vera að styrkja stöðu Jafnréttisstofu sem stjórnvalds og telur starfsfólk stofunnar þetta að sjálfsögðu jákvætt. Nú er í gangi heildarendurskoðun laganna og telur stofan þetta frumvarp gott innlegg inn í þá vinnu.

Hvað varðar 2. gr. frumvarpsins, þá telur starfsfólk stofunnar nauðsynlegt að benda á að komi til auknar ábyrgðar á Jafnréttisstofu þá verður að fylgja auknið fjármagn. Eftirlitshlutverk stofunnar yrði stórukið ef þessar breytingar ná fram að ganga og til þess að sinna því þyrfti að ráða fleira starfsfólk.

Jafnréttisstofa telur mikla þörf á að breyting verði á kærunefnd jafnréttismála, þannig að álitin verði bindandi líkt og kemur fram í frumvarpinu. Tryggja þarf að málin verði nægilega vel upplýst svo og málsmeðferðarreglur áður en að endanlegur úrskurður er kveðinn upp.

Hvað varðar 5. gr. frumvarpsins, þá telur Jafnréttisstofa nauðsynlegt að skerpa á þeirri lagaskyldu sem hvílir á fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Skipan eða kjör jafnréttisfulltrúa á vinnustöðum gæti verið eitt skref í þá átt. Þó verður að benda á að meðan jafnréttisfulltrúar fá ekki þjálfun í aðferðafræði samþættingar og hafa ekki beinan aðgang að yfirmönnum og áhrif á þá, þá er ólíklegt að störf þeirra geti skilað miklu innan fyrirtækjanna. Samhliða þessu þyrfti því að formgera fræðslu fyrir fólk sem velst til þessara starfa.

Hvað varðar 7. gr. frumvarpsins, þá telur starfsfólk Jafnréttisstofu það mjög jákvætt að það verði skylda tilnefningaraðila að leggja fram nöfn bæði konu og karls.

Að lokum vill Jafnréttisstofa benda á að töluvert vantar upp á að jafnréttislögin, eins og þau standa í dag, séu nægjanlega skilvirk stjórntæki.

Virðingarfyllt,

Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastjóri